JÓN E. GUÐMUNDSSON

MYNDLISTAR-SÝNING

AÐ KJARVALSSTÖÐUM
15.—30. NÓV. 1980



Jón E. Guðmundsson er fæddur á Patreksfirði 5. janúar 1915. Hann stundaði nám í myndlistarskóla Finns Jónssonar og Jóhanns Briem og lærði myndskurð hjá Marteini Guðmundssyni. Árið 1939 var Jóni veittur námsstyrkur Dansk-íslenzka félagsins og var hann við myndlistarnám í Kaupmannahöfn í 2 ár. Kennaraprófi frá Handíða- og myndlistarskólanum lauk hann árið 1948, kenndi myndlist við Miðbæjarskólann þangað til sá skóli var lagður niður. Síðan hefur hann starfað við Austurbæjarskólann, en þar heldur hann árlega brúðuleiksýningu ásamt nemendum sínum.

Jón stofnaði Íslenzka brúðuleikhúsið árið 1954 og er löngu þekktur fyrir brautryðjandastörf hér á landi í þessari ævafornu listgrein. Hann hefur ferðazt kringum land tíu sinnum með Brúðuleikhúsið og haldið fjölmargar sýningar í Reykjavík og nágrenni.

Sumarið 1974 hóf Jón þá nýbreytni á vegum Reykjavíkurborgar að ferðast milli barnaleikvalla með brúðuleiksýningar. Þetta gerði hann í fjögur sumur og hélt að jafnði 4 sýningar á dag.

Jón hefur sýnt brúður sínar víða erlendis og alls staðar hlotið mikið lof fyrir þessa sérstæðu og persónulegu list sína. Árið 1978 fór hann til Svíþjóðar og tók þátt í brúðuleikhúsviku, sem haldin var í Södertälje og Uppsölum og í sumar var hann ásamt Ernu Guðmannsdóttur með kennslumót fyrir brúðuleikhúsfólk í Helsingfors í Finnlandi.

Á málverkum sínum og höggmyndum hefur Jón haldið fjórar einkasýningar í Reykjavík og tekið þátt í tveimur samsýningum.



HÖGGMYNDIR Í TRÉ

1	Óhapp	1975
2	Predikarinn	1974
3	Dans	1975
4	Móðir með barn	1975
5	Hjálpaðu mér, ég hrapa	1976
6	Höfuð	1979
7	Faðir vor	1979
8	Ótti	1978
9	Kríur	1980
10	Kreppan	1974
11	Fugl með fisk	1980
12	Fljúgðu fuglinn minn	1979
13	Fljúgðu fuglinn minn	1980
14	Trygglyndi	1974
15	Stjórnandi hendur	1980
16	Vorannir	1979—80
17	Blindir á bæn	1979

Leikbrúður höggnar í tré 1976—77. Leikið var með þeim á Kjarvalsstöðum 1977. Að skemmta skrattanum, eftir Helgu Hjörvar; leikendur: Hallveig Thorlacius, Helga Steffensen og Bryndís Gunnarsdóttir.
Sami leikur var líka sýndur á brúðuleikhúsmóti í Svíþjóð 1978.

LEIKBRÚÐUR

1 Sá vondi
2 Hinn góði
3 Grímur lenti í víti
4 Niðursetningur
5 Bóndinn við Mývatn
6 Konan hans
7 Lambið

LEIKBRÚÐUR ÚR SKUGGA-SVEINI

1 Skugga-Sveinn
2 Ketill
3 Gudda
4 Gvendur
5 Sigurður í Dal
6 Ásta dóttir hans
7 Haraldur
8 Ögmundur

VATNSLITAMYNDIR

1	Frá Kaupmannahöfn	1970
2	Frá Kaupmannahöfn, túss	1970
3	Frá "	1970
4	Frá Veiðivötnum	1977
5	Frá Kaupmannahöfn	1968
6	Frá Kleifarvatni	1972
7	Frá Þingvöllum	1979
8	Frá Þingvöllum	1979
9	Frá Þingvöllum	1979
10	Frá Þingvöllum	
11	Frá Veiðivötnum	1979
12	Frá Þingvöllum	1979
13	Úr Borgarfirði	1979
14	Baula í Borgarfirði	1979
15	Kirkjufell, Snæfellsnesi	1965
16	Frá Borgarfirði	1979
17	Frá Borgarfirði	1979
18	Frá Borgarfirði	1979
19	Frá Borgarfirði	
20	Frá Borgarfirði	1979
21	Séð frá Elliðavatni	1980
22	Dalalæða	
23	Yfir Sundin	
24	Hrafnabjörg	1980
25	Botnssúlur	1980
26	Hengill, séður frá Þingv.	1980

BLÝANTS-TEIKNINGAR

27	Árin líða
28	Einn að drykkju
29	Beðið eftir strætó
30	Morgunverður
31	Bók sem ekki gleymist
32	Afmælið hennar ömmu
33	Á skólabekk
34	Hattur og húfa

OLÍUMYNDIR

35	Frá Veiðivötnum	1978
36	Kaupstaðarferð	1965—79
37	Morgunganga	1972—79
38	Elliheimilið	1972—75
39	Frá Seyðisfirði	1975
40	Við þvottabalann	1977—80

